

Siðareglur Sýnis ehf.

Gildissvið

1. Siðareglur þessar gilda um allt starfsfólk Sýnis ehf.
2. Markmið reglnanna er að skilgreina þau vinnubrögð og viðmót sem starfsmönnum ber að sýna við störf sín, jafnt sín á milli sem og í samskiptum við viðskiptavinum Sýnis ehf.

Samskipti, hæfni o.fl.

3. Starfsfólk skal ætíð koma fram af heiðarleika og virðingu gagnvart öllum þeim sem starfað er með eða fyrir.
4. Starfsfólk skal ávallt leitast við að gegna störfum sínum af heilindum, samviskusemi, óhlutdrægni og trúnaði, sýna fagmennsku og ábyrgð í hvívetna og veita þeim sem til fyrirtækisins sækja aðstoð og leiðbeiningar.
5. Allt starf skal unnið á opinn, upplýstan, gagnsæjan og lýðræðislegan hátt. Ávallt skal veita faglegar og réttar upplýsingar.
6. Starfsfólk skal ekki misnota stöðu sína á neinn hátt þegar kemur að samskiptum við viðskiptavinum eða samstarfsfólk.
7. Kynferðisleg áreitni, einelti og/eða annað ofbeldi er ekki liðið.
8. Allt starfsfólk skal vera hæft til starfa sinna og, eftir atvikum, hafa hlotið þjálfun til þeirra starfa sem það gegnir. Einnig skal starfsfólk leitast við að viðhalda þekkingu sinni, færni og hæfni.
9. Starfsfólk skal í hvívetna fylgja verklagsreglum um störf þess, svo sem gæðaviðmiðum og öðrum verklagsreglum um starfseminum hverju sinni.
10. Starfsfólk skal eftir fremsta megni forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og ber að vekja athygli á því ef hætta er á þeim.

Trúnaður

11. Starfsfólk skal gæta fyllsta trúnaðar og þagmælsku um allt það sem það fær vitneskju um í störfum sínum.
12. Starfsfólki er hvorki heimilt að nota trúnaðarupplýsingar sem það öðlast vegna starfa sinna sér til framdráttar, né undir neinum kringumstæðum nýta trúnaðarupplýsingar í þágu þriðja aðila, t.a.m. vina eða skyldmenna.
13. Leiti fjölmiðill til starfsfólks í tengslum við starfsemi fyrirtækisins og veiti starfsmaður fjölmiðli upplýsingar um hvaðeina er tengist starfsemi fyrirtækisins skal starfsmaður ávallt gæta fyllsta trúnaðar við viðskiptavinum og samstarfsfólk. Þess skal gætt að notkun fræðilegra hugtaka og tölfræði sé aldrei villandi eða óaðgengileg almenningi.

Gjafir og fríðindi

14. Starfsfólk þiggur ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim, er leita eftir þjónustu Sýnis nema að um sé að ræða óverulegar gjafir. Starfsfólk þiggur ekki gjafir eða hlunnindi ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.

Viðbrögð við brotum o.fl.

15. Ef grunur leikur á að starfsfólk fyrirtækisins hafi brotið siðareglur þessar skal það tilkynnt til gæðaráðs fyrirtækisins. Þess skal gætt að sá sem leggur fram upplýsingar um ætlað brot á siðareglunum beri ekki skaða af.
16. Gerist starfsfólk brotlegt við þessar reglur er heimilt að vísa því úr starfi, tímabundið eða að fullu.
17. Brjóti starfsmaður gegn siðareglum þessum skal hann í samráði við gæðaráð bæta fyrir brotið eins og hægt er, leita sáttá og birta eða leiðrétta viðeigandi upplýsingar eða gera aðra þá bragarbót sem þurfa þykir.
18. Siðareglur þessar skulu vera aðgengilegar starfsfólki, almenningi og fjölmiðlum á heimasíðu fyrirtækisins og á annan þann hátt sem til þess er fallinn að þessir aðilar geti kynnt sér þær. Kynna skal þessar reglur nýju starfsfólki er það hefur störf.